



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning **18. júní 2024**
Málsnúmer **FRN24020106**

Svar við erindi umboðsmanns Alþingis vegna máls nr. 014/2022

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 17. maí 2023, þar sem óskað er eftir því félags- og vinnumarkaðsráðuneyti geri grein fyrir viðbrögðum við þeim tilmælum og ábendingum sem beint er til ráðuneytisins í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í öryggisúrræði á Akureyri, þann 25. maí 2022, á grundvelli OPCAT-eftirlits. Í erindi óskar umboðsmaður eftir viðbrögðum frá ráðuneytinu fyrir 1. desember 2023, og sú ósk var ítrekuð með bréfum 23. febrúar og 16. maí sl. Ráðuneytið óskaði eftir viðbótarfresti til að svara erindi umboðsmanns til 15. júní, og var umbeðinn frestur veittur með tölvupósti 17. maí sl. Beðist er velvirðingar á töfum málsins hjá ráðuneytinu.

Líkt og fram kemur í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis um öryggisúrræði á Akureyri, frá 25. maí 2022, er úrræðið starfrækt á grundvelli þjónustusamnings félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við Akureyrarbæ. Samningurinn byggir á 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og samkvæmt honum skal Akureyrarbær reka öryggisgæslu sem sett er á fót á grundvelli dóms skv. 62. gr. hgl. og með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Í áðurnefndri skýrslu umboðsmanns kemur fram að þjónustusamningar sem gerðir hafa verið um öryggisgæsluúrræðið hafi hingað til verið gerðir afturvirkir til eins árs í senn, þannig að samningur taki til síðastliðins árs. Þeim tilmælum er beint til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins að gæta þess að á hverjum tíma liggi fyrir gildur þjónustusamningur um úrræðið. Ráðuneytið tekur undir með umboðsmanni mikilvægi þess að gildur samningur liggi fyrir um úrræðið. Samningur vegna ársins 2023 var undirritaður 6. október það ár, og til stendur að undirrita samning vegna ársins 2024 í þeim mánuði sem þetta er ritað. Ráðuneytið hóf í upphafi árs að yfirfara vinnulag vegna þeirra öryggisgæslusamninga sem það gerir við sveitarfélög og einkaaðila. Meðal þess sem farið hefur verið yfir eru kröfulýsingar ráðuneytisins sem fylgja þjónustusamningum um úrræðin, auk þess að öryggisframlag ráðuneytisins inn í úrræðin hefur verið til endurskoðunar, m.a. til að gæta samræmis og jafnræðis í framlögum ráðuneytisins. Þessi vinna er enn í gangi í ráðuneytinu sem skýrir m.a. af hverju ekki hefur verið gengið frá undirritun þjónustusamnings við Akureyrarbæ fyrr. Ráðuneytið hyggst gera betur í þessum efnum, og breyta verklagi á þá vegu að samningur vegna ársins 2025 verði undirritaður í lok þessa árs.

Í skýrslu umboðsmanns er fjallað um skort á heildstæðri löggjöf um framkvæmd öryggisráðstafana sem m.a. hafi leitt til ýmissa vandkvæða þar sem dómur og úrskurðir hafi verið misítarlegir um eðli og tilhögun vistunar. Þá er farið yfir áform félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um lagasetningu um framangreint, en fram kemur að í júní árið 2022 hafi félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnt til umsagnar drög að frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar í

Samráðsgátt stjórnvalda. Því er beint til félags- og vinnumarkaðsráðherra að fylgja eftir áformum um að leggja fram frumvarp þar sem m.a. eru tekin af tvímæli um hvaða stjórnvald eða stjórnvöld beri ábyrgð á fullnustu dóma og úrskurða skv. 62. gr. hgl. og taki ákvörðun um nánari tilhögun öryggisvistar. Því er jafnframt beint til félags- og vinnumarkaðsráðherra að fylgja eftir áformum um að leggja fram frumvarp, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til lagaáskilnaðar samkvæmt stjórnvarskrá og mannréttindasáttmálum, um þá nauðung sem talið er nauðsynlegt að heimilt sé að beita dómþola í öryggisgæslu umfram það sem leiðir af dómi og gildandi rétti. Líkt og að framan greinir voru drög að frumvarpi um öryggisráðstafanir og öryggisvistun birt í Samráðsgátt stjórnvalda 15. júní árið 2022. Á svipuðum tíma fór af stað spretthópur skipaður af þáverandi dómsmálaráðherra sem falið var það verkefni að vinna mat á fýsileika þess að byggja upp úrræði fyrir ólíka hópa frelssissviptra einstaklinga og var frumvarpið sett á bið á meðan. Þá skipaði dómsmálaráðherra í október sama ár formlegan starfshóp um verkefnið með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, forsætisráðuneytis og Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum, og er sá hópur enn að störfum. Starfshópnum var m.a. falið að vinna fyrstu drög að skilgreiningu á mismunandi öryggisstigum og gera tillögu að breytingum á því frumvarpi sem lagt var fram í júní árið 2022 til samræmis við niðurstöður hópsins. Hópnum var upphaflega ætlað að skila niðurstöðum sínum vorið 2024, en þeirri vinnu hefur seinkað.

Loks var þeirri ábendingu komið á framfæri við félags- og vinnumarkaðsráðherra í skýrslu umboðsmanns að tekið verði til skoðunar hvort réttur vistmanna í öryggisvistun til að njóta samvistar við fjölskyldu og vini, í þeim tilvikum sem dómþoli er vistaður fjarri heimabyggð, sé tryggður með fullnægjandi hætti. Ekki hefur enn verið tekið til sérstakrar skoðunar hvort réttur vistmanna til að njóta samvistar við fjölskyldu og vini þegar dómþoli er vistaður fjarri heimabyggð, sé tryggður með fullnægjandi hætti.

F.h. ráðherra

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir

Soffía Dóra Jóhannsdóttir